

48. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún var haldinn þriðjudaginn 23. júní 2020, að Húnabraut 26, Blönduósi, klukkan 16:00.

**Mætt voru:** Gunnar Tryggvi Halldórsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Róbert Kristjánsson, Karen Helga Steinsdóttir, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps og Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, skólastjóri.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Skólastarfið.
2. Starfsmannamál.
3. Fjármál.
4. Framkvæmdir
5. Önnur mál.

**Gengið var til dagskrár:**

**Dagskrá:**

**1. Skólastarfið:**

- a. Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, sagði að starf Tónlistarskólans væri í föstum skorðum.
- b. Alls hafa 86 nemendur skráð sig fyrir næsta skólaár.

**2. Starfsmannamál:**

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum skólans.
  - i. Skólastjóri lagði til að Vanessa Watling yrði ráðin í 100% stöðu við Tónlistarskólann.

**3. Fjármál:**

- a. Sveitarstjóri Húnavatnshrepps gerði grein fyrir málinu.
  - i. Hann greindi meðal annars frá því að ársreikningur ársins 2019 væri á loka stígum endurskoðunar og að reikningurinn yrði lagður fyrir stjórn á næstu vikum.

**4. Framkvæmdir:**

- a. Sveitarstjóri Húnavatnshrepps, lagði fram útboðsgögn vegna framkvæmda við Húnabraut 26.
  - i. Stjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að auglýsa útboð. Verklök eru áætluð 1. júní 2021.


**5. Önnur mál:**


- a. Stjórn samþykkir hækkun skólagjalda um 2,5 % fyrir næsta skólaár.


Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:01.

Fundargerð ritaði Hugrún Sif Hallgrímsdóttir


  
Gunnar Tryggvi Halldórsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Einar Kristján Jónsson

  
Jóhanna Magnúsdóttir

  
Karen Helga Steinsdóttir

  
Hugrún Sif Hallgrímsdóttir